

óskipt, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. október 1976.

Nr. 186/1976. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Ívari Erni Ingólfssyni.**

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur með kæru, dagsettri 1. október 1976, kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 30. september s. á. Kærugögn bárust Hæstarétti 11. og 14. október 1976. Ríkissaksóknari hefur leyft kæru þessa skv. 1. tölu-lið 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Krefst ákærði þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að tekin verði til greina krafa hans um, að meðdómendur í máli hans, Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson byggingaverkfræðingar, víki sæti í málinu. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum máls fékk verjandi ákærða vitneskju um hinn kærða úrskurð 1. október 1976. Kærði hann úrskurðinn með bréfi, er hann kveðst hafa ritað og póstlagt samdægurs. Samkvæmt frásögn sakadómarara þess, er kvað upp hinn kærða úrskurð, barst honum kæran 5. október s. á., en þá var kærufræstur liðinn samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem kæra skal vera bréfleg samkvæmt nefndu lagaákvæði, sé hún ekki bókuð í þingbók, skiptir ekki máli, þótt verjandi ákærða hafi hinn 1. október lýst kæru sinni í

símtali við yfirsakadómara, eins og fram kemur í greinargerð hans til Hæstaréttar. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð :

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. september 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 30. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Ívari Erni Ingólfssyni, um þá kröfu skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, að meðdómsmennirnir Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson skuli víkja sæti, en sú krafa var tekin til úrskurðar 8. þ. m.

#### I.

8. mars 1973 gaf saksóknari ríkisins út svohljóðandi ákæru:

„Saksóknari ríkisins gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Ívari Erni Ingólfssyni, húsasmíðameistara, Safamýri 44 í Reykjavík, fæddum þar í borg 27. ágúst 1933, fyrir brot á byggingarsamþykkt Reykjavíkur með því sem húsasmíðameistari húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka í Reykjavík, sem eru 3ja hæða sambyggð fjölbýlishús, byggð 1967 og síðar, að haga svo gerð svalahandriða, að mikil slyshætta stafar af, einkum vegna látréttra banda (þversláa), sem verulegt opið bil er á milli, og að hafa lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 sentimetra. Frágang handriðanna, sem eingöngu eru úr viði, framkvæmdi ákærði á árunum 1969 og 1970 og hefur eftir það eigi sinnt ítrekuðum fyriræmum byggingarfulltrúa um úrbætur.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 17. gr., 99. gr. og 102. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965, sbr. lög nr. 61/1944.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

21. s. m. var ákæran birt ákærða og honum gefinn frestur til að taka ákvörðun um vörn. Með bréfi dómsins frá 8. maí s. á. var Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða samkvæmt ósk hans.

Á dómþingi 22. janúar 1975 skipaði dómsformaður til starfa með sér í málinu tvo kunnáttumenn um byggingamálefni, byggingaverkfræðingana Pál Hannesson, Grænutungu 3 í Kópavogi, og Edgar Guðmundsson, Vesturbergi 49 í Reykjavík. 26. febrúar s. á. fór dómsformaður á vettvang ásamt hinum nýskipuðu meðdómendum. Dómararnir lituðust um á vettvangi, svo og tók Sveinbjörn Bjarnason, starfsmaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, myndir samkvæmt ábendingum hinna sérfróðu meðdómsmanna. Er málið var næst tekið fyrir hinn 25. apríl f. á., voru lagðar fram möppur með myndunum, sem teknar voru á vettvangi. Myndir þessar voru tölusettar, en án skýringa.

Í þinghaldi í málinu 11. júní f. á. er eftirfarandi bókað: „Dómurinn lætur þess getið, að skipaður verjandi hafi talið nauðsynlegt, að fram kæmi, sbr. dskj. XIII og XIV (myndamöppurnar), að athugað yrði, sbr. einkum myndir nr. 25 og 27 á dskj. XIV, að kannað yrði (sic), hve margir af lóðréttu stöfunum í svalahandriðunum hefðu losnað úr festingum úr þakskegginu. Hinir sérfróðu meðdómendur könnuðu þetta í morgun á vettvangi, og er skýrsla þeirra um þá athugun lögð fram“. Í skýrslu þessari segir: „Festingar voru alls 207, þar af 84 múrboltafestingar og 123 skotnaglafestingar. Af skotnaglafestingum voru 30 lausar, eða 24.4%. Um 1/3 af lausu skotnaglafestingunum höfðu verið endurfestar með litlum blikkvinklum. Skotnaglafestingarnar virtust flestar hafa losnað á þann hátt, að steypa í þakskegginu hafði klofnað undan nöglunum. Á stöku stað höfðu þó naglarnir dregist í gegn um timbrið. Múrboltafestingar 84 talsins virtust vera í lagi“. Í skýrslunni var einnig uppráttur, sem sýndi nánar, hvar og hvernig festingunum var háttað á hinum ýmsu hlutum hússins.

Á dómþingi 6. nóvember sl. voru lagðar fram í málinu skýringar við áðurgreindar ljósmyndir. Skýringarnar gerði meðdómmandinn Edgar Guðmundsson samkvæmt beiðni dómsformanns.

6. maí sl. var á dómþingi í málinu talið rétt að kveðja hæfa og óvilhalla kunnáttumenn til að skoða svalahandriðin á húsunum nr. 2—20 við Dvergabakka og láta dóminum í té skýrslu um þá skoðun, einkum að því er varðar:

1. Uppbyggingu handriðanna í burðarlegu tilliti, þar í talið að leggja mat á almennan styrkleika þeirra.

2. Festingar á einstökum hlutum handriðsins við svalagólf og annars staðar, þar sem þær hafa þýðingu vegna gerðar handriðsins og ýmissa öryggisatriða.

3. Efnisgæði svalahandriðanna eftir því sem unnt er að meta

þau í samræmi við sjáanleg lýti, sem örugglega verður að telja upprunaleg, þ. e. ekki hægt að rekja til slælegs viðhalds eða óhapps.

4. Öryggi handriðanna gagnvart ýmsum atriðum, sem ekki verða talin í liðum 1—3, t. d. barnaöryggi, klifurhættu o. s. frv.

Til þessara starfa kvaddi dómurinn Halldór Hannesson byggingaverkfræðing, Gunnarssundi 10, Hafnarfirði, og Indriða Níelsson byggingameistara, Flókagötu 43, Reykjavík.

Hinir dómkvöddu menn skiluðu skriflegri skýrslu um starf sitt og komu auk þess fyrir dóm, Halldór 10. f. m. og Indriði 16. f. m. Í lok þess þinghalds kvaðst verjandi málsins, að gefnu tilefni frá dómnum, ekki vera tilbúinn að skila vörn á ákveðnum degi, þar sem matsgerðin í málinu gæfi tilefni til frekari athugana, þar eð hún virtist stangast á við álitsgerð Guttorms Þormars, sem frammi liggur í málinu, svo og vettvangsskoðun meðdómenda, sem e. t. v. gæfi tilefni til að gera kröfu um, að þeim yrði vikið úr dómnum. Verjandi fékk frest til 8. þ. m. til að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa atriðis. Þann dag skilaði verjandinn greinargerð og gerði kröfu til, að meðdómendur málsins vikju sæti. Í greinargerðinni segir:

„Ástæður fyrir kröfu þessari eru þær, sem hér segir:

1. Hinn 6. maí s.l. voru þeir Halldór Hannesson, byggingaverkfræðingur, og Indriði Níelsson, byggingameistari, dómkvaddir í sakadómi til þess að skoða umrædd svalahandrið og láta dómnum í té skýrslu um þá skoðun.

Í skoðunargerð þessara dómkvöddu matsmanna segir m. a.:

„Skotnaglar hafa bilað mjög mikið, og virðist óþarfi að fara að reikna þá. Á innri hring hafa 9 af 53 festingum látið sig, en á ytri (nyrðri) hring hússins hafa 25 af 72 festingum af þessari gerði látið sig. Sennileg orsök er, að stálið í nöglunum hrökkvi vegna titrings (vibrasjóna), sem verða á plönkunum í vindi, en allar festingarnar hafa bilað á sama hátt, þ. e. naglarnir eru farnir í sundur milli trés og steypu“.

Hinir dómkvöddu meðdómendur höfðu hins vegar framkvæmt vettvangsskoðun 11. júní 1975. Í þessari skoðun telja þeir festingar á innri hring alls 52, en af þeim hafi bilað 11. Á ytri hring telja þeir alls vera 71 festingu, en af þeim hafi 19 losnað. Loks telja þeir, að flestar skotnaglafestingarnar hafi losnað á þann hátt, að steypan í þakskegginu hafi klofnað undan nöglunum. Á stöku stað hafi þó naglarnir dregist í gegn um timbrið.

Ég fæ ekki betur séð en að hinir dómkvöddu meðdómendur,

sem hér skipa meiri hluta sakadóms og geta því haft úrslitaáhrif á niðurstöðu þessa máls, hafi með framangreindri vettvangsskoðun sinni og umsögn um hana kveðið upp eins konar dóm um þennan þátt málsins.

Hitt dylst engum, að mikils misræmis gætir annars vegar í skoðun meðdómendanna og hins vegar í skoðunar- eða matsgerð þeirra manna, sem dómurinn kvaddi til þess að skoða svalahandriðin, og er það misræmi bæði varðandi tölu festinga, hversu margar hafi losnað, hvornig þær hafi losnað og hvers vegna.

Er útilokað að meðdómendurnir geti að svo vöxnu máli litið matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna þeim hlutlausu dómaraugum, sem nauðsynlegt er, til þess að fyllsta réttlætis sé gætt í málsmeðferð gagnvart ákærða.

2. Svipað er að segja um ljósmyndir þær, sem teknar voru hinn 26. febrúar 1975 af svalahandriðunum að fyrirsögn meðdómmandans Edgars Guðmundssonar.

Í dómskjali nr. XXIII, sem dagsett er 5. nóvember 1975 og meðdómmandinn telur vera skýringar við ljósmyndir, segir m. a. svo:

„Áberandi hornkvistasamlokur ..., stúfskeyting ..., athuga-verð, ... áberandi brot ..., áberandi viðbragðsviður, ... geypistórir hornkvistir, ... umfangsmiklir flatkvistir, ... undirlags-skífur vart greinanlegar ...“, svo nokkuð sé nefnt.

Jafnvel er svo langt gengið, að mynd er talin „misheppnuð“, væntanlega þar sem ekkert verður fundið því til foráttu, sem sú mynd sýnir.

Hér er auðsjáanlega verið að kveða upp mjög svo ótímabæran efnisdóm í þess orðs fyllstu merkingu.

Eykur þetta að sjálfsögðu enn á vanhæfi þessa meðdómanda til þess að leggja dóm á málið.

Tel ég í þessu sambandi rétt að vísa til vættis Indriða Niels-sonar, húsasmíðameistara, og annarra vitna, sem borið hafa í málinu varðandi efnið, myndirnar og þann dóm um efnið, sem í myndunum felst.

3. Eins og fyrr greinir, voru í sakadómi dómkvaddir tveir menn til skoðunar á svalahandriðunum.

Var vali þeirra, að ég tel, alveg réttilega hagað, þannig að annar var byggingaverkfræðingur, en hinn húsasmíðameistari.

Ég tel alveg óhjákvæmilegt eftir það, sem þegar er fram komið í málinu, að a. m. k. annar meðdómenda í ofangreindu máli sé

húsasmíðameistari, enda er ákærði sóttur til saka fyrir meint brot vegna þess starfa síns.

Að öllu framangreindu er það krafa mín að meðdómendur víki nú sæti í máli þessu og að a. m. k. annar þeirra meðdómenda, sem formaður dómsins kynni að dómkveðja í stað þeirra, sé húsasmíðameistari“.

## II.

Í ákæru málsins er ákærða gefið að sök brot á byggingarsamþykkt Reykjavíkur með því sem húsasmíðameistari húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka í Reykjavík að haga svo gerð svalahandriða, að mikil slyshætta stafar af „einkum vegna láréttra banda (þversláa), sem verulegt opið bil er á milli, og að hafa lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 sentimetra“. Nú er því ekki að leyndu, að ákvæði byggingarsamþykktarinnar um svalahandrið eru næsta fátækleg. Í ákæru málsins er að þessu leyti aðeins vísað til 2. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 69. gr. Í fyrrgreindri greininni segir:

„Á veggsvölum skal vera handrið, ekki lægra en 1 m, og fer um gerð eftir reglum 69. gr. eftir því, sem þær geta átt við, þó má handrið aldrei vera lægra en 1.20 m á 5. hæð húss og ofar“.

Í seinni greininni segir:

„Á öllum stigum skal vera handrið öðrum megin, en báðum megin, ef stigin liggur ekki að vegg. Handrið skal vera minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún og minnst 90 cm meðfram stigaopum. Í íbúðarhúsum skal þannig gengið frá handriðum, að ekki stafi hættu af og má ekki vera lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 cm. Byggingarfulltrúi getur mælt fyrir um gerð handriða í öðrum húsum“.

Til að kanna sakargiftir hefur dómurinn framkvæmt vitnaleiðslur, myndatökur, vettvangsskoðanir og dómkvatt mats- og skoðunarmenn, og e. t. v. má finna að því, hve víðtæk sú rannsókn var, þar eð ákæruatriði virðist við fyrstu sýn vera einfalt, en hafa ber í huga m. a., að miklir fjárhagslegir hagsmunir eru hér í húfi, þótt beinar fjárkröfur séu ekki í málinu. Þessi gagnaöflun hefur að hluta orðið til þess, að verjandi ákærða hefur talið meðdómendur hafa gengið of langt, eins og greinir hér að ofan. Verður nú vikið að þeim aðfinnslum í sömu röð og þær eru greindar í greinargerð verjandans:

Um 1. Eins og áður er rakið, fóru meðdómendur hinn 11. júní

f. á. á vettvang samkvæmt ósk verjanda og töldu, hve margar af lóðréttu stöfunum í svalahandriðunum hefðu losnað úr festingum úr þakskegginu. Um þessa ferð gerðu þeir stutta skýrslu. Þessari bráðabirgðatalningu ber ekki alveg saman við talningu hinna dómkvöddu mats- og skoðunarmanna. Þess ber að geta, að fyrri talning er framkvæmd 11. júní 1975, en sú síðari 31. maí sl., eða hartnær ári síðar. Mannvirkið getur vel hafa breyst á þeim tíma, a. m. k. þannig að lausar festingar á ytri hring eru taldar fleiri í seinni skoðun en þeirri fyrri. Að öðru leyti er munurinn svo lítill, 1—2 stykki, að hann getur ekki minni verið og getur engu ráðið um úrslit þessa máls, enda hér um bráðabirgðatalningu að ræða til glöggvunar við yfirheyrslur.

Þá er einnig að því fundið, að í vettvangsskýrslunni hafi meðdómendur talið, „að flestar skotnaglafestingarnar hafi losnað á þann hátt, að steypa í þakskegginu hafi klofnað undan nöglunum. Á stöku stað hafi þó naglarnir dregist í gegn um timbrið“, en hinir dómkvöddu menn telji sennilega orsök þess, að festingarnar hafi látið sig, þá, „að stálið í nöglunum hrökkvi, vegna titrings (vibrasjóna), sem verði á plönkunum í vindi, en allar festingarnar hafi bilað á sama hátt, þ. e. naglarnir eru farnir í sundur milli trés og steypu“. Fyrst er þess að geta, að í skýrslu meðdómenda er ekki fastar að orði kveðið en: „Skotnaglafestingarnar VIRTUST flestar hafa losnað á þann hátt, að steypa í þakskegginu hafi klofnað undan nöglunum. Á stöku stað höfðu þó naglarnir dregist í gegn um timbrið“. Í öðru lagi er þess að geta, að ekki er sérstaklega ákært fyrir mistök eða handvömm við þessar festingar, og ekki hefur verið tekin nein afstaða til þess, hvort gerð þeirra og frágangur telst vera hluti þeirrar ætlaðrar slysaættu, sem í ákæru er talið, að stafi af svalahandriðunum, og enn síður hvort nokkur ákvæða byggingarsamþykktarinnar nái til slíkra festinga. Hitt má þó vera ljóst, ef það reynist vera efnisatriði við úrlausn þessa máls, getur það vart skipt máli, af hvaða ástæðum festingarnar hafa reynst ófullnægjandi, ef slíkt verður á annað borð rakið til efniseiginleika eða vinnu við frágang þeirra.

Loks ber þess að geta um þennan lið, að áður en efnisdómur verður kveðinn upp í málinu, munu dómendur að sjálfsögðu yfirfara rækilega allt, sem fram kemur við rannsókn málsins, þar með verk og framburði hinna dómkvöddu manna, m. a. með athugun, talningu og öðru á vettvangi.

Þegar framangreint er virt, verður eigi talið, að meðdóm-

endurnir hafi gert sig óhæfa til að fara með málið áfram vegna greindra afskipta af því.

Um 2. Á sínum tíma var það hugmynd formanns, að farið yrði á vettvang til að taka m. a. ljósmyndir á vettvangi, enda algengt, að rannsóknarlögreglan taki slíkar vettvangsmyndir til notkunar í opinberum málum. Dómsformaður gerði upphaflega ráð fyrir, að lögreglumaður sá, er myndirnar tók, semdi texta við þær, eins og venja er undir svipuðum kringumstæðum. Er til kom, taldi lögreglumaðurinn óhægt um vik, þar eð hann hefði ekki sjálfur valið myndaefnið, heldur meðdómendurnir. Féllst dómsformaður á þetta eftir atvikum.

Tilgangur dómsformanns með myndatökunni var sá að hafa þær við hendina við yfirheyrslur til glöggvunar fyrir þá spurðu svo og að stuðla að því, að hið sanna og rétta kæmi í ljós, svo sem fjarlægðir milli skábanda. Þegar farið var að nota myndirnar skýringarlausar við yfirheyrslur, komu annmarkar í ljós, og varð það til þess, að meðdómandinn Edgar Guðmundsson tók að sér að semja skýringar við þær. Með skýringum þessum, eða a. m. k. með hluta af þeim, telur verjandi, „að kveðinn hafi verið upp mjög svo ótímabær efnisdómur í þess orðs fyllstu merkingu“, og rekur slíkt með 8—9 dæmum „svo nokkuð sé nefnt“, eins og hann orðar það, en 32 myndir eru skýrðar af viðkomandi meðdómanda. Verða nú dæmi verjanda rakin í sömu röð og þau koma fyrir í greinargerð hans.

2.1. Orðin „Áberandi hornkvistasamlokur“ virðast eiga við skýringar á 4. mynd, en hún er svo í heild sinni: „Sýnir áberandi „hornkvistasamlokur“ (kvistir sem ganga frá skammbrúnum virkisins og mætast í V, sem næst miðju) bæði í efstu handriðsreim og lóðréttri stoð“.

2.2. Orðin „stúfskeyting“ og „athugaverð“ virðast eiga við skýringu á 5. mynd, en hún er í heild svohljóðandi: „Sýnir sama og 4, auk þess virðist vera brot í stoð lengst til vinstri um ½ metra ofan við efstu handriðsreim. Stúfskeyting stoða nr. 2, 4 og 6 frá vinstri á móts við þriðju handriðsreim að ofan virðist athugaverð“.

2.3. Orðin „áberandi brot“ sýnast eiga við skýringu á 6. mynd, sem hljóðar svo: „Sýnir sama og 4 auk áberandi brots í lóðréttri stoð hægra megin á myndinni u. þ. b. 1 metra ofan við efstu handriðsreim“.

2.4. Orðin „áberandi viðbragðsviður“ eru væntanlega tekin úr skýringu við 13. mynd, sem er svohljóðandi: „Áberandi „við-

bragðsviður“ (svæði, sem breytist mun meira með rakabreytingum en aðrir viðarhlutar. Getur orsakað viðarbrot án þess að ytra álag komi til)“.

2.5. Orðin „geypistórir hornkvistir“ eru ekki finnanleg í skýringunum, en skýringin við mynd nr. 15 er svohljóðandi: „Geysistór hornkvistur“.

2.6. Orðin „umfangsmiklir flatkvistir“ eru heildarskýring við 19. mynd.

2.7. Orðin „undirlagsskífur vart greinanlegar“ virðast úr skýringu við mynd nr. 31, sem er í heild svohljóðandi: „Sýnir hluta festinga milli svalahandriða og lóðréttra stoða. Undirlagsskífur vart greinanlegar (múrboltafesting)“.

2.8. Orðin „Mynd misheppnuð“ er skýring við 21. mynd.

Hlutverk dómara í opinberum málum er að leitast við, að hið sanna og rétta komi í ljós, og kveða síðan upp hlutlausan efnislegan dóm á grundvelli þess, sem fram hefur komið. Eins og íslensku opinberu réttarfari er háttað, þurfa dómamarar sjálfir að afla gagna, er varða sekt eða sakleysi sakaðra manna. Þeir komast því æðioft í þann vanda að þurfa samtímis að koma fram fyrir ákærvaldið, sem að jafnaði kemur ekki fyrir dóm í öðrum málum en þeim, sem getið er um í 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og gæta lögverndaðra hagsmuna sakborninga. Myndatakan á vettvangi var liður í slíkri rannsókn svo og skýringargerð við myndirnar. Ekki getur dómurinn séð, að meðdómmandinn Edgar Guðmundsson hafi gengið lengra en réttarfarslögjin gera ráð fyrir, enda fellst enginn frekari „dómur“ í textagerðinni en kann að felast í myndatökunni sjálfri. Verjandi hefur frá upphafi haft aðgang að myndum þessum, og hefur honum ætíð, og stendur enn opin leið til að óska frekari myndatöku. Enn má benda á, að myndirnar og skýringarnar við þær eru aðeins hluti þeirra gagna, sem gefa upplýsingar um timbrið í handriðunum, því ýmis vitni hafa borið um ástand þess.

Dómurinn lítur því svo á, að verjandi ákærða hafi ekki komið með nein frambærileg rök um, að Edgar Guðmundsson meðdómmandi skuli víkja sæti í málinu, enda verður ekki séð, að hann hafi með því að útbúa framangreindar skýringar við ljósmyndirnar á nokkurn hátt tekið afstöðu til þeirra atriða, sem í ákæru greinir, hvorki beint né óbeint.

Samkvæmt því, sem hefur nú verið rakið, verður krafa Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns fyrir hönd ákærða, Ívars Arnar

Ingólfssonar, um, að meðdómendurnir Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson víki sæti, ekki tekin til greina.

#### Úrskurðarorð:

Krafa Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns fyrir hönd ákærða, Ívars Arnar Ingólfssonar, um, að meðdómendurnir Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson víki sæti, er eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 26. október 1976.

Nr. 76/1974. Ólafur Markússon

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Kjartani Óskarssyni og

Almennum Tryggingum h/f og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Sævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. apríl 1974. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum 1.467.000 krónur og gagnáfrýjanda Kjartani einum dæmt að greiða honum 2.680.613 krónur, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1974. Krefjast þeir lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að